

svo kunnugt sé, fyrr orðið sekur við landhelgislöggjöfina, hæfilega ákveðin með tilliti til núverandi gullgildis krónunnar 20600.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 8 mánuði. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Favorita G. Y. 1039, skal upptækt gert til sama sjóðs. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns síns Th. B. Lindals hrm., er ákveðast kr. 100.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 10. nóvember 1937.

Nr. 105/1937. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Jóni Gunnari Jónssyni og Jóni Guðlaugssyni (Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. júní 1937: Kærði Gunnar Jónsson sæti 50 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi. Hann greiði og 3500 króna sekt til menningar-
sjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms
þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 90
daga.

Kærði Jón Guðlaugsson greiði 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði Gunnar Jónsson málsvarnarlaun, kr. 35.00, til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar Ólasonar cand. jur.

Að öðru leyti ber hinum kærðu að greiða kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinir kærðu í máli þessu hafa báðir gerzt sekir um verknað þann, er í lögum nr. 35 1935 15. gr. segir, eins og talið er í hinum áfrýjaða dómi. Þykir refsing kærða Jóns Gunnars Jónssonar hæfilega ákveðin samkvæmt 1. og 2. málgr. 33. gr. sömu laga 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 70 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, og refsing kærða Jóns Guðlaugssonar 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 18 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta.

Eftir þessum málalokum verður að dæma hina kærðu til þess að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Jón Gunnar Jónsson sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 2500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 70 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði Jón Guðlaugsson greiði 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 18 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Hinir kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningismannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Classen, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gunnari Jónssyni verkamanni, Hverfisgötu 76 B hér í bænum, og Jóni Guðlaugssyni fíksala, Bergstaðastræti 8 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935.

Kærði Gunnar Jónsson er fæddur 4. desember 1896 og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

- | | | |
|------|------------------|--|
| 1918 | $\frac{1}{2}\%$ | Sætt 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum. |
| 1922 | $\frac{2}{3}\%$ | Sætt 150 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalög-
lögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. |
| 1922 | $\frac{2}{10}\%$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 króna
sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum. |
| 1922 | $\frac{7}{11}\%$ | Sætt 50 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrot. |
| 1927 | $\frac{2}{17}\%$ | Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1931 | $\frac{2}{4}\%$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 150 króna
sekt og sviftur leyfi til að stýra bifreið i 10
mánuði fyrir brot gegn áfengislögunum og bif-
reiðalögunum. |
| 1933 | $\frac{1}{6}\%$ | Sætt 10 króna sekt fyrir brot gegn umferða-
reglum. |
| 1934 | $\frac{2}{8}\%$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 króna
sekt og sviftur æfilangt leyfi til að stýra bif-
reið fyrir ölvun við bifreiðaaakstur. |
| 1935 | $\frac{1}{2}\%$ | Sætt 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri. |
| 1935 | $\frac{1}{10}\%$ | Kærður af Valdimar Jónssyni fyrir rúðubrot.
Greiddar skaðabætur. |
| 1936 | $\frac{2}{10}\%$ | Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 2000 króna |

sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

Kærði Jón Guðlaugsson er fæddur 7. júní 1903 og hefir ekki áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu.

Með eigin játningu kærða Gunnars er það sannað, að frá því að hann kom af vinnuhælinu á Litla-Hrauni í Árnessýslu 22. október f. á. hefir hann fengizt við áfengissölu. Hann hefir selt áfengi mest um helgar og hefir álagningin verið 3 krónur á flöskuna. Mánaðartekjur hans af áfengissölu hafa verið í kringum 200 krónur, en alls hafa tekjur kærða verið frá 200—300 krónur á mánuði. Aðaltekjur hans hafa sem sagt verið af áfengissölu.

Þá er það sannað í máli þessu, að kærði Jón Guðlaugsson hefir frá því síðastliðið haust keypt í áfengisverzluninni fyrir sína peninga og látið af hendi við kærða Gunnar Jónsson að jafnaði 15 heilflöskur af áfengi á viku gegn 50 aura endurgjaldi fyrir hverja flösku. Kærði Jón hefir haldið því fram hér fyrir réttinum, að hann hafi byrjað á þessu fyrir tilmæli Gunnars, og getur það samrímzt því, sem á annan hátt er upplýst um það atriði.

Framangreint brot kærða Gunnars varðar við 15. sbr. 1. og 2. málsg. 33. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, og þykir refsing hans, bæði með tilliti til itrekunar brotsins og að kærði hefir haft aðaltekjur sínar af áfengissölu, hæfilega ákveðin 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og 3500 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 90 daga.

Ofangreint brot kærða Jóns Guðlaugssonar varðar við 15 sbr. 1. málsg. 33. gr. áfengislaganna nr. 33/1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 600 króna sekt til menningarsjóðs, og komi í hennar stað einfalt fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærði Gunnar 35 króna málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, cand. jur. Sigurðar Ólasonar.

Að öðru leyti ber að dæma hina kærðu til að greiða kostnað sakarinnar in solidum.

Dráttur sá, sem orðið hefir á máli þessu, stafar af annriki dómars.